
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2006-06
Fundartími: Þriðjudagur 3. október 2006 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
2) Endurreiknuð raforkuspá, hvernig tókst til.
3) Gagnasöfnun.
4) Verkefni ársins 2007.
5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:
Raforkuhópurinn: Agnar Árnason
Ívar Þorsteinsson
Gunnar Aðalsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Íris Baldursdóttir
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson
Landsnet: Ásgeir Sigtryggsson
Fjarverandi: Sigurður Ágústsson

- 1) JV fór yfir raforkunotkun á fyrri helmingi ársins sem komin er inn á heimasíðu nefndarinnar. Raforkuvinnslan hefur aukist um 8,5% frá sama tíma árið 2005 en flutningstöp hafa aukist um 3,8%. Stórnotkun hefur aukist um 12,4% en aukningin stafar af stækkun Norðuráls. Almenn notkun hefur aukist um 2,7%. Ástæða þess að almenn notkun hefur ekki aukist meira er mikil minnkun í almennri ótryggðri orku vegna þess að loðnuveiði var lítil í vetur og minnkaði ótryggða orkan um 12,1% frá árinu á undan en almenn forgangsorka jókst um 5,2%. Eftir hitastigsleiðréttingu er aukning almennrar forgangsorku 4,7%.
- 2) JV fór yfir útgefna skýrslu um endurreikning raforkuspár og benti á helstu atriði sem var breytt núna miðað við eldri endurreikning. Ákveðið var að stefna að því að skipta dálknum sem er í töflunum um almennu notkunina og heitir “Vinnslufyrirtæki” í tvennt, þ.e. annars vegar í Eigin notkun vinnslufyrirtækja og hins vegar í Notkun sem aflað er beint frá virkjun.

- 3) Rætt var um reynsluna af úrvinnslu gagna á þessu ári. IB og JV sögðu að gögn fyrir síðasta ár hefði oft breyst og síðast breyting sem vitað væri af hefði komið í september. Þetta hefði gert það að verkum að oft hefði þurft að endurgera töflur sem eru í raforkuspánni og slíkt leiðir af sér aukna vinnu. ÁS sagði að Netorka væri að komast á fullt skrið og þá ættum við að geta fengið gögn frá þeim sem annars ættu að koma frá veitunum. Einnig væru gögnin þá afgreidd formlega svo minni hættu ætti að vera á að gögn vantaði eða villur væru í þeim. Hann sagði að töp væru þá einnig reiknuð formlega út en þau verða þó ekki endanleg fyrr en búið er að lesa af öllum mælum svo töp ársins verða ekki orðin endanleg fyrr en 13 mánuðum eftir árslok. Einnig var rætt um það hvernig tryggja mætti að gögn væru rétt í grunni Orkustofnunar. JV var falið að hafa samband við Netorku varðandi gagnasamskipti við þá.
- 4) JV sýndi stöðu vinnu fyrir raforkuhópinn og sagði að eftir væru 17 tímar og um 370.000 kr miðað við áætlun ársins. Hann sagði að verkefnum ársins væri að stórum hluta lokið en eftir væri að taka saman tölur um raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins, huga að gagnasöfnun næsta árs og ganga frá ætlun fyrir næsta ár svo að líklega mundi kostnaður verða mjög nálægt áætlun ársins. JV fór yfir verkefnishandbók varðandi vinnu næsta árs. Hann sagðist þar gera ráð fyrir sama vinnumagni og á þessu ári eða 900 tímum. Hleðsla gagna frá Landsneti inn í gagnagrunn Orkustofnunar er innifalin í þeirri tölu. Hann sagði að nokkur óvissa væri um tímagjald þar sem hann taldi líklegt að meiri hækkun yrði á launum en fram kemur í kjarasamningi vegna verðlagspróunar að undanförunu. Hann miðaði við 5% hækkun kostnaðar. Fundarmenn ætla að skoða þessa tillögu að áætlun og koma með athugasemdir á næsta fund.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 7. nóvember 2006.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun á fyrri helmingi ársins 2006.
- Raforkuspá 2006-2030.
- Töflur um vinnu ársins 2006.

Dreift var á fundinum:

- Vinna fyrir raforkuhóp orkuspárnefndar 2007. Verkefnishandbók. Útgáfa 0.1.